REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með 27. júní til og með 30. september 1987 eru allar togveiðar bannaðar á svæði, sem markast af línum dregnum milli eftirgreindra punkta:

1. 66°39'54 N — 22°24'30 V
2. 66°52'23 N — 22°38'13 V
3. 66°58'31 N — 20°51'13 V
4. 66°20'18 N — 21°21'00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. júní 1987.

F.h.r.
Jón B. Jónasson. *Þórður Eyþórsson.*

Nr. 297 19. júní 1987

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 160/1986 um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarskerta.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir nauðsynleg heyrnartæki sem hér segir:

1.	Fyrir börn og unglinga til loka skólaskyldu	100%
2.	Fyrir 18 ára og eldri en þó aldrei hærri upphæð en sem nemur kr. 9.000.	60%
3.	Fyrir þá sem nota þurfa tvö tæki samtímis og eru 18 ára og eldri en þó aldrei hærri upphæð en sem nemur kr. 20.000.	70%

Stjórn Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands er heimilt að fenginni rökstuddri umsókn að auka þátttöku ríkissjóðs skv. 2. og 3. gr. í 80%, sé um að ræða verulega heyrnarskerðingu að mati yfirlæknis stöðvarinnar.

2. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi þegar við birtingu, eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands að fengnum tillögum stjórnar stöðvarinnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. júní 1987.

Ragnhildur Helgadóttir. *Páll Sigurðsson.*